



## Fundargerð

**447. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu kl. 15:00 þriðjudaginn 30. júní 2020. Þetta er 9. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 4 blaðsíður.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á facebook; <https://www.facebook.com/Klaustur.is/videos/198819798123625/>

Bjarki Guðnason D lista boðar forföll og í hans stað er kominn Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D lista.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnumenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, við málefnnaskrá bætist;

### I. Fundargerðir til samþykktar

2. Fundargerð 35. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 29. júní 2020

### II. Málefni til umfjöllunar

7. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi að Hamrafossi fnr. 218-9331, til sölu veitinga í flokki II, kaffihús. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 29.06.2020

8. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi að Hunkubökkum fnr. 218-9635 til sölu gistingar í flokki IV stærra gistiheimili. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 30. júní 2020

Dagskrárþreyting samþykkt.

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnumarfundi

16. júní stefnumótunarvinna Kötlu jarðvangs í Vík

18. júní fundur sveitarstjóra með forsvarsmönnum Mílu

18. júní fundur oddvita með EES/Efta Forum.

22. júní fundur starfshóps um skólaakstur

23. fundur sveitarstjóra með samráðsteymi vegna áhrifa Covid 19

24. júní stjórnumarfundur Bergrisans bs á Flúðum

26. júní samráðsfjarfundur samtaka sunnlenskra sveitarfélaga með sveitarstjórnum fulltrúum, sveitar- og bæjarstjórum

29. júní aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands

29. júní fundur starfshóps um mótuneytismál í Skaftárhreppi

29. júní SASS stjórnumarfundur.

30. júní fjarfundur fyrir sveitarstjórnumenn á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs

### Dagskrá

#### I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 128. fundar rekstrarnefndar, dags. 25. júní 2020

2. Ársreikningur Klausturhóla vegna 2019.

Ársreikningur yfirlitinn, rekstrarniðurstaða ársins er neikvæð uppá 2,4 milljónir, sem skýrist einkum af talsverðum viðhaldsframkvæmdum á árinu. Einnig fékk hjúkrunarheimilið ekki styrk vegna húsaleigu frá Skaftárhreppi árið 2019 eins og



# Skaftárhreppur

undanfarin ár. Rekstrarnefnd þakkar hjúkrunarforstjóra og starfsfólki fyrir ábyrgð og aðgætni í störfum og skipulagi. Rekstrarnefnd gerir ekki athugasemdir við ársreikninginn og vísar honum til sveitarstjórnar til samþykkta.

*Sveitarstjórn tekur undir þakkar rekstrarnefndar til starfsfólks vegna Covid 19 en ítrekar að áfram þarf að viðhafa varfærni í störfum og skipulagi vegna veirunnar.*

*Sveitarstjórn samþykkir ársreikning Klausturhóla vegna 2019 með undirskrift sinni.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn*

2. Fundargerð 35. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 29. júní 2020
3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd hvetur til þess að upplýsingar verði gerðar aðgengilegar íbúum á Klaustri hvar megi losa sig við garðúrgang. Setja mætti t.d. sérstakan gám á gámasvæði fyrir slíkan úrgang eða jafnvel merkja svæði þar sem losa mætti sig við hann

*Sveitarstjórn þakkar ábendingarnar og felur sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa að koma málum í farveg.*

4. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd leggur til við sveitarstjórn að kanna möguleika á að hafa sérstaka hreinsunardaga, annars vegar í þéttbýli og hins vegar í dreifbýli þar sem boðið verður upp á að úrgangur verði sóttur á fyrirfram ákveðnum stöðum.

*Sveitarstjórn þakkar fyrir ábendingarnar og felur sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa að koma málum í farveg.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2006001 Kjör oddvita og varaoddvita

Eva Björk Harðardóttir gefur áfram kost á sér sem oddviti. KG, JHK, EBH, HGÁ og AH greiða Eva Björk atkvæði sitt. Eva Björk Harðardóttir er réttkjörin oddviti Skaftárhrepps. Eva Björk Harðardóttir leggur til að Bjarki Guðnason verði varaoddviti. KG, EBH, JHK, HGÁ og AH greiða Bjarka atkvæði sitt. Bjarki Guðnason er réttkjörin varaoddviti Skaftárhrepps. Eva Björk Harðardóttir leggur til að Heiða Guðný Ásgeirs dóttir verði 2. varaoddviti. KG, EBH, JHK, HGÁ og AH greiða Heiðu Guðný atkvæði sitt. Heiða Guðný Ásgeirs dóttir er réttkjörin varaoddviti Skaftárhrepps.

Katrín Gunnarsdóttir D-lista óskar eftir fundarhléi fyrir afgreiðslu næsta liðar 15:39 – 15:55.

2. 2005020 Samstarf D og Z lista.

Oddviti leggur fram tillögu um að D og Z listi tilnefni þrjá af hvorum lista til að hittast og ræða málum áfram og koma með tillögu fyrir næsta sveitarstjórnarfund. EBH, HGÁ, AH og JHK samþykkja tillöguna. KG situr hjá við afgreiðslu málssins.

3. 2006004 Skólaakstur

Samningar um skólaakstur runnu út í vor. Nú hafa samningar verið skoðaðir af nefnd sem skipuð var á síðasta sveitarstjórnarfundi og hún leggur til að auglýsa með óbreyttum hætti ákstursleiðirnar: Fljótshverfi-Síða og Meðalland-Landbrot.



# Skaftárhreppur

Akstursleiðina Skaftártungu-Álfavær skuli auglýsa með fyrirvara um samning við foreldra um mótkastur úr Skaftártungu að afleggjara Ásar-Pjóðvegur I. Nefndin leggur til að samningar verði áfram gerðir á grundvelli þeirrar gjaldskrár sem verið hefur í gildi.

Katrín Gunnarsdóttir kemur með breytingartillögu við tillögu nefndarinnar. Að samið verði við þá bílstjóra sem sáu um akstur á síðasta skólaári Fljótshverfi-Síða, Meðalland og Landbrot og Álfavær.

Oddviti ber tillögu Katrínar undir atkvæði. EBH og KG samþykkja tillöguna. HGÁ er á móti, AH og JHK sitja hjá.

Oddviti ber tillögu nefndarinnar undir atkvæði. JHK, HGÁ og AH samþykkja tillöguna. EBH og KG sitja hjá.

Sveitarstjórn þakkar nefndinni fyrir störfin og felur sveitarstjóra að auglýsa skólaakstur.

## 4. Daggjöld á afrétti 2020

Daggjöld 2019 voru 14.840 kr. Miðað við visitölu í maí 2019 sem var 468 stig. Visitala í júní 2020 er 482,2 stig og verða daggjöld árið 2020 því kr. 15.290.-

Sveitarstjórn samþykkir að daggjöld á afrétti verði óbreytt frá síðasta ári, framreikmuð samkvæmt visitölu neyshluverðs í júní 2020.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að miða skuli við daggjöld þegar greiða þarf smölnun vegna smölnunar heimalanda sem unnin er á kostnað landeigenda.

## 5. Mötuneytismál stofnanna Skaftárhrepps

Sveitarstjórn samþykkir samhjóða að fresta þessum lið til næsta fundar sveitarstjórnar í júli.

## 6. Aðalfundur Eldvilja ehf. – tilnefning fulltrúa

Sveitarstjórn tilnefnir Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra sem fulltrúa sveitarstjórnar á fundinum.

## 7. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi að Hamrafossi fnr. 218-9331, til sölu veitinga í flokki II, kaffihús. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 29.06.2020

EBH, KG, JHK, HGÁ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

## 8. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi að Hunkubökkum fnr. 218-9635 til sölu gistingar í flokki IV stærra gistiheimili. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 30. júní 2020

EBH, KG, JHK, HGÁ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

## III. Fundargerðir til kynningar

1. 91. fundur menningarmálaneftnar, dags. 21. janúar 2020. Fundargerð kynnt.

2. 92. fundur menningarmálaneftnar, dags. 2. mars 2020. Fundargerð kynnt.

3. 93. fundur menningarmálaneftnar, dags. 4. apríl 2020. Fundargerð kynnt.

4. 77. fundur félagsmálaneftnar, dags. 11. júní 2020. Fundargerð kynnt.

5. 885. fundur sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. júní 2020. Fundargerð kynnt.



## IV. Annað kynningarefni

1. Framtíð öldrunarþjónustu – Hlutverk sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga.  
*Kynnt.*
2. Svör sveitarstjóra til samráðsteymis um sértækar aðgerðir fyrir sveitarfélög á Suðurlandi vegna Covid 19. *Kynnt.*
3. Minnisblað frá sunnlenskum samráðsfjarfundí, dags. 26. júní 2020. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 15. júlí 2020

Fundi slitið kl. 16:38

Eva Björk Harðardóttir  
Eva Björk Harðardóttir

Katrín Gunnarsdóttir  
Katrín Gunnarsdóttir

Jón Hrafn Karlsson  
Jón Hrafn Karlsson

Heiða Guðný Ásgeirs Þóttir  
Heiða G. Ásgeirs Þóttir

Arndís Harðardóttir  
Arndís Harðardóttir